

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

3.-4. tbl. • Mars – Apríl 2001

## Efnisyfirlit

Tímabært að slaka á klónni

Ritsstjórnargrein

2



Nýir stjórnarmenn SI

3

Umfjöllun Iðnpings 2001

3 - 11

Nemakeppni Kornax í  
brauðbakstri

12

Tillögur starfshóps

Ábyrgð á  
vinnustaðakennslu  
verði jöfnuð

13

Aðalfundur

14



ÍSLANDS  
SAMTAKA  
IÐNAÐARINS

Gæðamál

Framleiðendur húsgagna  
og innréttinga iðnir

15



Afhending sveinsbréfa  
í múrsmíði

15



Framsögumenn á Iðnpingi, Þorsteinn Þorgeirsson, Hörður Arnarson, Per Magnus Wijkman og Geir H. Haarde

## Iðnping 2001

# Umhverfi iðnaðar á nýrri öld

Iðnping Samtaka iðnaðarins var haldið föstudaginn 16. mars undir yfirskriftinni: Umhverfi iðnaðar á nýrri öld. Í ályktun þingsins kom m.a. fram að hátt gengi, há laun og háir vextir vegi að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Bent er á að íslenska krónan sé of dýru verði keypt og veik staða hennar hindri eðlilegar fjárfestingar innlendra og erlendra fyrirtækja á Íslandi. Þá er í ályktuninni lögð áhersla á að þótt EES-samningurinn hafi reynst vel dugi hann ekki til frambúðar, jafnvægið milli aðila samningsins hafi raskast og samningurinn þróist ekki í takt við það sem gerist innan ESB. Mikill

meirihluti (62%) félagsmanna í SI sé þeirrar skoðunar að aðild að Evrópu-sambandinu sé efnahagslega hagkvæm.

Að venju fóru fram kosningar til stjórnar og ráðgjafaráðs Samtaka iðnaðarins og gaf hópur góðra manna kost á sér til þessara trúnaðarstarfa. Til setu í stjórn SI til næstu tveggja ára, voru kjörnir þeir Hörður Arnarson, Marel hf., Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., Sverrir D. Hauks-son, Prentsmiðjunni Grafík hf. og Theodór Blöndal, Stáltaki hf. en Vilmundur Jósefsson var endurkjörinn formaður SI en hann tók við embættinu í fyrra af

frambald bls. 8

# Tímabært að slaka á klónni

Í ræðu sinni á Iðningi 16. mars sl. minnti Vilmundur Jósefsson, formaður SI á að Samtökin hafa undanfarin ár, eða allt frá árinu 1998, varað við þenslu og hvatt til aðhaldsaðgerða af hálfu opinberra aðila. Eftirspurn hefur undanfarin ár vaxið mun hraðar en hagvöxturinn og sú umframeyðsla hefur verið fjármögnuð með erlendum lánnum. Þetta hafa SI talið háskalega þróun.

## RÖÐ VAXTAHÆKKANA

Þrátt fyrir töluvert aðhald í rekstri hins opinbera og hávaxtastefnu Seðlabankans fór efnahagsstarfsemin yfir þanþol hagkerfisins árið 1999. Verðbólgan fór af stað. Allt frá upphafi hagvaxtarskeiðsins 1994-1995 hafa vextir hérlendis verið mun hærri en í nágrannalöndum okkar en nú keyrði gersamlega um þverbak. Hver vaxtahækkunin rak aðra og langt umfram verðbólgunna. Þessar vaxtahækkunir voru skiljanlegar og jafnvel ásættanlegar sem skammtíma aðgerð til að keyra niður eftirspurn og hægja á verðbólgu. Gagnsemi þessara vaxtahækkana er þó umdeilanleg. Þær virðast lítil áhrif hafa á lántökur heim-

ilanna en stóru fyrirtækin hafa á hinn bóginn leitað út fyrir landsteinana í trausti heitstrenginga Seðlabankans um að verja gengi krónunnar hvað sem á dynur.

## HAGKERFIÐ AÐ KÓLNA

Nú hefur dregið úr verðbólgu. Kannanir sýna að velta í almennum iðnaði jókst lítið eða ekkert á síðasta ári. Afkoma í iðnaði hefur versnað til muna og spennan á vinnumarkaði hefur minnkað. Hátt raungengi, há laun og háir vextir vege að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna erlendis minnkar og halli á viðskiptum við útlönd eykst. Um leið hægir merkjanlega á efnahagslífinu eins og veltutölur fyrirtækja sýna. Spáð er samdrætti í fjárfestingum sem hafa verið miklar undanfarin ár.



## TÍMABÆRT AÐ SLAKA Á KLÓNNI

Við þessar aðstæður leggjum við hikaust til að slakað verði á klónni líkt og verið er að gera í Bandaríkjunum þar sem hagsveiflan er á sama róli og hér. Þar, rétt eins og hér, dregur snögglega úr hagvexti eftir langt og kröftugt hagvaxtarskeið og viðbrögðin eru vaxtalækkun og loford um að skattar á fyrirtæki verði lækkaðir. Harðar aðhaldsaðgerðir á sama tíma og afkoma fyrirtækjanna og hlutabréfaverð hriðfellur geta leitt til skyndilegrar lækkunar fjárfestingar og þar með hættu á harðri lendingu efnahagslífsins.

## MJÚK LENDING

Nú ríður á að feta sig varlega niður brekkuna eftir langt þensluskeið í stað þess að keyra fram af brúninni á fullri ferð eins og við höfum jafnan gert í lok hvers hagvaxtarskeiðs. Nýlegar ákvarðanir um að hverfa frá fastgengisstefnunni er stórt skref í þessa átt. Fyrsta vaxtalækkunin

eftir hrinu vaxtahækkana undanfarin tvö ár er einnig rétt ákvörðun og mjög mikilvægt skref. Þá eru nú mjög til umræðu aðgerðir til að lækka skattbyrði fyrirtækjanna í landinu. Eignarskattur og stimpilgjöld hafa sérstaklega verið nefnd í þessu sambandi. Slík aðgerð er tímabær nú og vonandi nær hún fram að ganga. Allt gefur þetta aukna von um að takast megi að ná mjúkri lendingu.

## BETRI OG NÝRRI UPPLÝSINGAR

Vilmundur gerði í ræðu sinni að umræðuefni að upplýsingar um efnahagsmál og hagtölugerð almennt væri hér langt frá því að vera fullnægjandi. Þannig er það a.m.k. hvað iðnaðinn varðar að upplýsingar um afkomu og framleiðslu eru mörg ár á eftir tímanum. Slíkt er háskalegt þegar mikið liggur við að hagstjórnin sé sívökul og byggð á nýjum og traustum upplýsingum.

## FÆRRI SPÁMENN - NÝRRI TÖLUR

Nú er rétt um að endurskoða verkefni Seðlabanka, Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar á þessu sviði. Okkur í iðnaðinum þykir full þörf á því. Við erum orðnir fullsaddir á því að fá spádóma um verðbólgu og hagvöxt úr öllum áttum sem reynslan sýnir að eru mistækar svo að ekki sé meira sagt. Okkur þætti mun gagnlegra að fá traustar og nýlegar upplýsingar um starfsmannafjölda, launaþróun, markaðshlutdeild og afkomu í iðnaðinum. Vonandi verða einhverjir af spámönnum settir í það verkefni að sjá atvinnulífina fyrir brúklefum upplýsingum um þessa grundvallarþætti. Slíkt myndi auðvelda hagstjórnina og létta spámönnum eftirleikinn.

*Sveinn Hannesson*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
03./4. töl. Mars/Apríl 2001  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 2.04. 2001  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson og Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjóri og umbrot/setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjóri og málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsd.  
Fjölmiðlum er fjárlast að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.  
Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



## Ályktun Iðnpings

Iðnþróun byggist á markvissu langtíma vörupróunar- og markaðsstarfi. Stöðugleiki og friður í íslensku efnahagslífi undanfarin ár hefur skilað raunvexti í almennum iðnaði og byggingariðnaði á árunum 1995-1999 sem er meiri en 6% á ári að meðaltali og enn meiri í upplýsingatækni. Þetta er árangur sem ekki má fórna.

Hátt gengi, há laun og háir vextir veða að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Markaðshlutdeild þeirra minnkar og halli á viðskiptum við útlönd eykst. Um leið hægir merkjanlega á efnahagslífinu eins og veltutölur fyrirtækja sýna. Spáð er samdrætti í fjárfestingum sem hafa verið miklar undanfarin ár. Stjórnvöld hafa boðað að vænta megi vaxta- og skattalækkana en þær hafa ekki verið tímasettar. Hættan er að beðið verði of lengi. Harðar aðhaldsaðgerðir á sama tíma og afkoma fyrirtækja versnar og hlutabréfaverð hriðfellur geta leitt til skyndilegs samdráttar í fjárfestingum og þar með hættu á harðri lendingu efnahagslífsins.

EES-samningurinn hefur reynt vel en dugir ekki til frambúðar. Til þess eru margar ástæður. Jafnvægið milli aðila samningsins hefur raskast og samningurinn þróast ekki í takt við það sem gerist innan ESB. Enn er þó ótalið veigamesta atriðið. Íslenska krónan er of dýru verði keypt. Hún skapar vandamál í hagstjórn, veldur óþarfa vaxtabyrði og gengissveiflum sem bitna á fyrirtækjum og rekstrar-skilyrðum þeirra. Lítil og veik mynt hindrar eðlilegar fjárfestingar innlendra og erlendra fyrirtækja á Íslandi. Mikill meirihluti (62%) félagsmanna í Samtökum iðnaðarins er þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu sé efnahagslega hagkvæm. Einungis 15% telja að aðild að Evrópusambandinu yrði efnahag Íslands til tjóns.

## Nýir stjórnarmenn Samtaka iðnaðarins



**Hörður Arnarson,**  
forstjóri Marel hf.



**Sverrir D. Hauksson,**  
framkvæmdastjóri  
Prentsmiðjunnar  
Grafík



**Theodór Blöndal,**  
verkefnisstjóri  
Stáltaks hf.

## Verðlaunahafi árið 2001

Á nýliðnu Iðnþingi var Jóni Þór Ólafssyni, verkfræðingi hjá Marel, veitt viðurkenning úr Verðlaunasjóði iðnaðarins fyrir framúrskarandi verkfræði- og tæknistörf á sviði iðnaðar. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti verðlaunahafanum viðurkenninguna.

Í umsögn stjórnar Verðlaunasjóðsins segir m.a. að Jón Þór hafi átt ríkan þátt í að byggja upp hátekniiðnað tengdan matvælaíðnaði á Íslandi. Hann hafi með hugmyndaauðgi sinni og störfum lagt mikið af mörkum í þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarna tvo áratugi. Jón Þór hefur unnið hjá Marel hf. frá stofnun fyrirtækisins árið 1983 og verið lykilmáður í allri vörupróun þess allt frá því að fyrstu hugmyndirnar um að nýta tölvutæknina í þágu íslenskrar fiskvinnslu urðu til í lok 8. áratugarins. Þá segir enn fremur að Jón Þór sé einstaklega hugmyndaþróunarmáður sem fari oft óhefðbundnar leiðir þegar finna þarf nýjar lausnir og verið sífrjór í hugsun og hönnun um tveggja áratuga skeið.

Við þetta tækifæri nefndi Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, m.a. sem dæmi að Jón Þór hefði verið einn helsti hugmyndasmiðurinn að Marel - skipavog-inni sem var burðarásinn í tekjum fyrir-



tækisins í upphafi 10. áratugarins og gerði því mögulegt á þeim árum að halda uppi öflugri vörupróunar- og markaðsstarfi auk fjölda annarra nýjunga í framleiðslu Marel sem hann hefði átt ríka hlutdeild í að þróa ásamt samstarfsfólki sínu.

Verðlaunasjóðurinn var stofnaður árið 1976 af Kristjáni Friðrikssyni í Últíma og konu hans Oddnýju Ólafsdóttur. Samkvæmt upphaflegri stofnskrá sjóðsins er tilgangur hans að örva til dæða á sviði iðnaðar og jafnframt vekja athygli á þeim afrekum sem unnin hafa verið á því sviði.

Verðlaun sjóðsins eru, auk veglegrar fjárhæðar, sérstakur verðlaunagripur og verðlaunaskjal, bæði í skinnbandi og innrammað. Verðlaunagripurinn heitir Hjólið og er tákn mannsins fyrir uppgötvun, framfarir og virkni.

# Breytingar á ytra umhverfi atvinnulífsins



Í ræðu sinni á Iðnþingi gerði Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, m.a. breytingar á ytra umhverfi atvinnulífsins að umtalsefni. Þær ættu rætur að rekja til örra framfara í vísindum og tækni sem Íslendingum hefði tekist að tileinka sér með undragóðum árangri, atvinnulífið hefði verið í fararbroddi þessara breytinga og yrði áfram.

Þá segir Valgerður að í starfi sínu sem iðnaðarráðherra hafi hún haft það markmið að leiðarljósi að stjórnvöld eigi að búa atvinnulífinu þau starfsskilyrði að þau geti skilað sem bestum árangri og gerði einkum þrjú efnisatriði að megininntaki ræðu sinnar, fjármagnsmarkað og rafræn viðskipti, nýskipan orkumála og nýsköpun og atvinnuþróun.

## FJÁRMAGNSMARKAÐURINN OG RAFRÆN VIÐSKIPI

Ráðherra segist vonast til að öllum meginbreytingum á fjármagnsmarkaði verði lokið á þessu kjörtímabili en sú

veigamesta sé að nú hilli undir að ríkisbankarnir komist í hendur nýrra eigenda og að afskiptum ríkisins í almennri bankabjónustu ljúki.

Þá vék ráðherra máli sínu að rafrænum viðskiptum og kvað kannanir hafa sýnt að þar skorti öryggi sem leitt hafi til þess að þau eru minna stunduð en ella. Til að tryggja öryggi í þessum efnum hafi hún lagt fram á Alþingi frumvarp um að innleidd verði dulritun slíkra sendinga enda séu þær taldar grundvöllur aukins trausts í rafrænum viðskiptum og fyrirsjáanlegt að þær verði mikið notaðar í viðskiptum og samskiptum milli borgara og stjórnslu og milli stjórnvalda innbyrðis, svo að dæmi séu tekin.

## NÝSKIPAN RAFORKUMÁLA

Ráðherra segir mikilvæga breytingu boðaða á ytra umhverfi atvinnulífsins í nýju frumvarpi til raforkulaga sem nú er til umfjöllunar í ríkisstjórn en þar eru lagðar til grundvallarbreytingar á skipan raforkumála. Meginmarkmið þess er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu í því skyni að efla atvinnulíf og

byggð í landinu. Þá er í frumvarpinu m.a. gert ráð fyrir að sömu fyrirtæki stundi ekki vinnslu og sölu annars vegar og flutning og dreifingu orku hins vegar. Með þessu sé stefnt að því að tryggja betur forsendur samkeppni og auðvelda eftirlit og lagt til að raforkusala verði gefin frjáls í áföngum.

## NÝSKÖPUN OG ATVINNUÞRÓUN

Þá segir iðnaðarráðherra að veruleg breyting hafi orðið í umhverfi nýsköpunar á síðustu árum. Ný fræðasvið vísinda og tækni hafi litið dagsins ljós og náð föt festu með undraverðum hætti og nefnir líftækni sem dæmi þar um. Líftæknihúsið í Keldnaholti hafi fengið nýtt hlutverk sem frumkvöðlasetur fyrir sprotafyrirtæki á sviði efna- og líftækni og þar með hafi verið stigið veigamikið skref í þróun á hlutverki opinberra rannsóknastofa. Með þátttöku í rekstri frumkvöðlasetra sé nálægðin eins mikil og unnt er en það gefi fjárfestingu í framsæknum nýsköpunarhugmyndum forskot.



# Heimur örra breytinga

Vilmundur Jósefsson, formaður SI gerði heim örra breytinga hvert sem lítið er að umtalsefni í ræðu sinni á Iðnþingi. Hann sagði meðal annars að alþjóðleg samkeppni væri orðin að íslenskum veruleika og frelsi í viðskiptum og alþjóðlegar leikreglur hefðu tekið við af heimatilbúnum reglum og pólitískum afskiptum.

Hin öra samkeppni- og alþjóðavæðing hafi þó ekki gerst áreynslulaust því að fyrirtækin hafi þurft að hagræða og stækka, leita nýrra markaða og nýrrar tækni og að auki hafi kröfur um arðsemi, bættu stjórnun og öguð vinnubrögð stóruaust.

## EITT Í DAG OG ANNAÐ Á MORGUN

Þá sagði Vilmundur að Samtökin væru stundum sökuð um að biðja um eitt í dag en annað á morgun en skýringin sé fólgin í örum breytingum. Frá 1998 hafi Samtökin varað við þenslu og hvatt til þess að stjórnvöld beiti auknu aðhaldi en nú óski þau eftir að slakað verði á klónni með lækun skatta og vaxta gagnvart fyrirtækjum. Hann nefndi ýmsar ástæður þess að verðbólga fór af stað en af langri reynslu viti menn að auðveldara sé að hafa taumhald á henni en hemja eftir að hún er komin á skrið. Þá vék Vilmundur að vaxta- stefnu stjórnvalda og gat þess að síðustu 6 ár hafi vextir hérlendis verið mun hærri en í nágrennaöndum okkar en nú keyri ger- samlega um þverbak. Hver vaxtahækkunin hafi rekið aðra og langt umfram verðbólgu og nefndi að sjö undanfarnar vaxtahækkningar hafi að sínu mati bitnað mest á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

sem hafa tekið lán til fjárfestinga og rekstrar innanlands.

## HÆTTA Á HARÐRI LENDINGU

Þá gat formaður SI þess m.a. að hátt raungengi, há laun og háir vextir vegi að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna erlendis minnki og halli á viðskiptum við útlönd aukist. Um leið hægist á efnahagslífinu eins og veltutölur fyrirtækja sýni en auk þess sé spáð samdrætti í fjárfestingum. Við slíkar aðstæður leggi Samtökin hiklaust til að slakað sé á klónni. Forsætisráðherra hafi boðað að vænta megi að vextir og skattar verði lækkaðir en ekki hvenær. Hættan sé sú að beðið verði of lengi og að efnahagslífið fái því harða lendingu. Af fyrri reynslu viti iðnaðurinn að það taki hann langan tíma að byggja upp aftur eftir slík áföll.

## UMBÆTUR Í SKATTAMÁLUM

Vilmundur sagði margt hafa áunnist í skattamálum á liðnum árum en mörgum finnst eins og mjög hafi hægt á því um- bótastarfi í góðari liðinna ára. Við þurfum að losna við skatta á borð við stimpilgjöld, eignarskatta og vörugjöld sem ýmist hafa verið afnumdir eða lækkaðir stórlega í ná- grannalöndum okkar. Þá nefndi hann að leysa þurfi skattaleg vandamál sem tengi- ast virðisauka af vinnu hugbúnaðarfyrir- tækja sem skattfrjálssir opinberir aðilar, lánastofnanir og tryggingafélög komist hjá að greiða með því að byggja upp eigin deildir á þessu sviði.

## BETUR SJÁ AUGU EN AUGA

Vilmundur lýsti ánægju Samtakanna



með að hafa fengið að taka þátt í starfi nefndar um opinber innkaup sem skilaði álit og tillögum sl.vor. Sumir virðist telja að samráð við hagsmunaaðila sé annað- hvort óþarft eða jafnvel ósiðlegt en það sé fjarri lagi. Þvert á móti verði oftast en ekki óhöpp í lagasetningu þegar embættismenn og starfsmenn ráðuneyta semja lagafrum- vörp án nokkurs samráðs við þá sem eiga að fara eftir lögunum.

## LÉLEG VINNUBRÖGÐ

Þá gagnrýndi Vilmundur reglur um að opinber útboð skuli ekki ná til sveitarfélaga enda sýni reynslan að á því sé full þörf því að samið sé út og suður um stór verkefni án útboðs og nefndi nokkur dæmi þar um.

Þá fór hann nokkrum orðum um útboð á viðgerð tveggja varðskipa en þar hafi allt verið gert til að reikna verkefni úr landi. Með kúnstum hafi menn fundið út að ódýrast væri að sigla skipunum til við- gerðar í Póllandi þótt eðlilegar forsendur



hefðu leitt til annarrar niðurstöðu. Dómsmálaráðuneytið hafi verið beðið um hlutlausa rannsókn á þessu máli án árangurs.

#### TÆKNIMENNTUN

##### MEÐ REKSTRARÍVAFI SKORTIR

Vilmundur vék næst máli sínu að menntun og sagði að fyrirtæki SI væru í mikilli þörf fyrir fólk með menntun í tækni- og verkfræði. Að undanförunni hafi þó hallað mjög á hlut tæknimenntunar. Samtökin hafi því ásamt öðrum félögum og skólum sóst eftir því að stofna tækniháskóla á grunni Tækniskóla Íslands en þrátt fyrir ítarlegar viðræður við menntamálaráðuneytið og mikla undirbúningsvinnu af hálfu Samtakanna hafi samningar ekki tekist. Samtökin telji brýna þörf á að efla tæknimenntun með rekstrarívaði sem segja megi að sé á milli hefðbundinnar iðnmenntunar og verkfræði því að hætta sé á að slíkt nám leggist af hér á landi ef ekki verði gert sérstakt átak á þessu sviði.

##### SAMKEPPNI ER FORSEMDA VELFERÐAR

Vilmundur sagði samkeppni og undirstöðu heilbrigðs atvinnulífs sem aftur væri undirstaða velferðar okkar allra. Ríkið sé smátt og smátt að draga sig út úr atvinnu-

rekstri með því að einkavæða og selja atvinnufyrirtæki í sinni eigu. Alþjóðavæðingin vaxi stöðugt og þar með minnki sérstaða og einangrun atvinnulífs okkar gagnvart öðrum löndum en þetta leiði til þess að samkeppnin vaxi og harðni. Því þurfi að tryggja allt í senn, heilbrigða samkeppni, hag neytenda og eðlilega þróun atvinnulífsins til að standast erlendri samkeppni snúning.

Þá gat Vilmundur þess að SI hafi gagnrýnt harkalega þá tilhneigingu samkeppnisyfirlvalda að tryggja samkeppni með því að stjórna uppbyggingu atvinnulífsins í stað þess að beita sér af hörku gegn þeim sem brjóta samkeppnisreglur og misnota markaðsráðandi stöðu.

##### AÐILD AÐ ESB

Vilmundur sagði að miklar og örur breytingar í íslensku atvinnulífi eigi rætur að rekja til alþjóðlegrar þróunar og þess að við höfum borið gæfu til að taka þátt í evrópsku viðskiptasamstarfi með aðild okkar að EFTA og EES-samningnum. Því megi ekki láta staðar numið við að tengja Ísland traustari og nánari böndum við þróunina í Evrópu. EES-samningurinn hafi verið góður þegar hann var gerður en

ekki staðist tímans tönn. Jafnvægið hafi raskast og samningurinn ekki þróast í takt við það sem gerist innan Evrópusambandsins. Allt valdi þetta því að það sé óviðunandi fyrir íslenskan iðnað að standa utan ESB. Veigamesta ástæðan fyrir því að við gerumst aðilar að ESB sé þó krónan. Hún skapi vandamál í hagstjórn, vaxtaþyrði og gengissveiflur sem bitni á fyrirtækjum og geri rekstrarskilyrði þeirra óbærileg. Við þurfum að kasta krónunni og taka upp evru en til þess þurfi aðild að ESB. Könnun, sem Gallup gerði nýlega fyrir SI, sýni að Samtökin hafi fast land undir fótum meðal félagsmanna sinna þegar þau hvetji til þess að Ísland sækir um aðild að ESB. Taka þurfi ákvörðun um það án tafar og hefja undirbúning samningaviðræðna.

Í lok ræðu sinnar sagði Viðmundur: „Samtök iðnaðarinnar munu hér eftir sem hingað til hafa það meginmarkmið að stuðla að því að íslensk fyrirtæki verði samkeppnisfær um fólk, framleiðslu og fjármagn. Hér er allt í húfi því að á þessu veltur framtíð okkar.“



# Einkavæðing - Forsendur og verkefnin framundan

Í ræðu sinni á Iðnþingi sagði Geir H. Haarde m.a. að hugmyndin um einkavæðingu ríkisfyrirtækja hér á landi eigi rætur að rekja langt aftur í tímann en hún varði kjarnann í hugmyndafræðilegum ágreiningi um hlutverk ríkisins í atvinnurekstri, þjóðnýtingu og eignaradild ríkisins að framleiðslutækjum.

Slíkar hugmyndir hafi átt erfitt uppdráttar hér á landi í u.þ.b. hálfra öld vegna pólitískra aðstæðna. Fyrir um 25 árum hafi verið gerðar tilraunir til að koma hreyfingu á þessi mál en þau áform hafi hvorki komist lönd né strönd. Fáein ríkisfyrirtæki hafi verið seld um miðjan níunda áratuginn en fyrst hafi verið farið að vinna skipulega að þessum málum í upphafi tíunda áratugarins og nú tíu árum síðar sjái fyrir endann á því mikilvæga verkefni að koma samkeppnisrekstri ríkisins á hendur einkaðila og leysa þar með úr læðingi þá miklu fjármuni almennings sem í slíkum rekstri eru bundnir. Nú megi segja að pólitískur ágreiningur um þessi mál sé í raun lítill.

## RÍKIÐ DREGUR SIG ÚR ATVINNUREKSTRI

Geir sagði að við myndun ríkisstjórnar árið 1991 hafi verið mörkuð skýr stefna um að draga úr afskiptum ríkisins af atvinnurekstri og þeirri stefnu hefði verið fram haldið síðan. Fjögur markmið hafi einkum verið höfð að leiðarljósi fyrir utan það mikilvæga verkefni að draga úr fjárbindingu ríkisins:

- að auka almennan sparnað í þjóðfélaginu
- að auka efnahagslegt hagræði
- að hvetja almenning til almennrar

hlutabréfaeignar.

- að auka tekjur ríkissjóðs til að greiða niður skuldir ríkisins

Ráðherrann gat þess að frá árinu 1991 hafi ríkið selt eign sína í 26 fyrirtækjum að hluta eða öllu leyti. Það endurspeglir þá gífurlegu hugarfarsbreytingu sem orðið hafi hérlandis varðandi einkavæðingu og hugmyndafræðina sem þar búi að baki. Á örfáum árum hafi markaðurinn, þar sem áður starfaði ein ríkisstofnun í krafti einokunar, breyst í lifandi torg þar sem fjöldi fyrirtækja hafi hafið stafsemi í umhverfi öflugrar samkeppni.

## VERKEFNIN FRAMUNDAN

Helstu verkefnin framundan sagði Geir vera að ljúka sölu á hlut ríkisins í Landsbanka, Búnaðarbanka og í Landssíma Íslands. Með sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í bönkunum tveim dragi ríkið sig algerlega út úr starfsemi á fjármálamarkaði og gera megi ráð fyrir að því verkefni ljúki á þessu kjörtímabili. Þá sé fyrirhugað að ríkið selji hlut sinn í fyrirtækjum eins og Íslenskum aðalverktökum og Steinullarverksmiðjunni og sagðist Geir vænta þess að íslensk fyrirtæki sjái sér fært að kaupa hlut í þeim fyrirtækjum sem brátt verði fól.

## SKULDIR LÆKKAÐAR

Geir sagði að tekjum af sölu eigna verði fyrst og fremst varið til að lækka almennar skuldir ríkissjóðs og til að grynnka á lífeyrisskuldbindingum með því að styrkja eiginfjárstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Auk þess verði hluta teknanna m.a. varið til að efla upplýsingasamfélagið í



samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Mikilvægast sé að þessum tekjum verði ráðstafað með skynsamlegum hætti til framtíðar og alls ekki í rekstur.

## BREYTINGAR Á LAGALEGU UMHVERFI

Þá gat hann þess að þegar fyrirtæki, sem rekin eru í einokunarumhverfi, séu einkavædd sé mikilvægt að huga að hinu lagalega umhverfi og því að innleiða samkeppni jafnvel þótt ríkið ætli sér að eiga áfram meirihluta í fyrirtækinu. Markmið ríkisins með eignaradildinni sé þá að mynda arð með fjárfestingunni.

Þá sagði Geir að í undirbúningi séu lagabreytingar sem muni laga raforkuumhverfið hér að kröfum Evrópusambandsins en það sé aftur forsenda fyrir samkeppni á þessu sviði og mögulegri einkavæðingu síðar meir.

## HUGARFARSBREYTING

Fjármálaráðherra sagði að eins og sjá megi sé atvinnurekstur á vegum ríkisins á hröðu undanhaldi. Annar ríkisrekstur snúist um þá ábyrgð ríkisins að tryggja almenningi tiltekna þjónustu. Í því felist þó ekki endilega að ríkið þurfi sjálft að



veita þjónustuna. Aðrir geti gert það jafn vel eða betur þótt ríkið greiði fyrir. Þá gat hann þess að með auknum útboðum á þjónustu og rekstrarþáttum hafi tekist að ná fram hagræðingu í rekstri og þjónusta á vegum ríkisins hafi verið skilgreind með nákvæmari hætti. Þannig hafi tekist að beita hagkvæmstu aðferðum hverju sinni og hámarka þannig gæði þeirrar þjónustu sem unnt er að veita fyrir þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru.

**EINKAVÆÐING Í VELFERÐARKERFINU**

Þá vék Geir að þætti einkavæðingar í velferðarkerfinu og sagði einkum tvær ástæður fyrir aukinni áherslu á rekstrar-nýjungar í því kerfi. Annars vegar stöðugar kröfur um skilvirkni og hagkvæmni í opinberum rekstri en hins vegar síauknar kröfur almennings um bætta þjónustu jafnhliða kröfum um aukid aðhald og minni skattheimtu. Með því að innleiða samkeppni og skilgreina þjónustu hafi fyrst orðið mögulegt að bera saman ólík rekstr-arform. Samanburður af þessu tagi sé nauðsynlegur til að tryggja viðunandi aðhald í rekstri ríkisstofnana.

Þess séu mörg dæmi að markaðurinn hefði tekið við af ríkisrekstri með góðum árangri og hagkvæmari rekstri í krafti samkeppni en skilvirkt og öruggt aðhald með hinu lagalega og faglega umhverfi sé hins vegar enn nauðsynlegra í þessari tegund þjónustu en ella.

**Framhald af forsíðu**

Haraldi Sumarliðasyni, sem hafði verið formaður frá stofnun Samtakanna árið 1993.

Verðlaunasjóður iðnaðarins veitti Jóni Þór Ólafssyni, verkfræðingi hjá Marel, viðurkenningu sjóðsins fyrir framúrskarandi verkfræði- og tæknistörf á sviði iðnaðar.

Dagskrá Iðnþings var vönduð að vanda. Fjórir valinkunnir menn fluttu erindi um mál sem munu hafa mikil áhrif á þróun iðnaðarins á næstu árum og áratugum.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra ræddi um einkavæðingu og Per Magnus Wijkman kynnti skýrslu UNICE um Nýja hagkerfið, sem var gefin út í Brussel daginn fyrir Iðnþing. Hörður Arnarson, forstjóri Marel hf. fjallaði um samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja og Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur SI reifaði síðan íslenska skattkerfið í alþjóðlegum samanburði.





# Nýja hagkerfið – hagnýt viðmið

Per Magnus Wijkman, aðalhafgæðingur Samtaka sænskra iðnrekenda, fjallaði um nýja hagkerfið svokallaða en kynnti einnig nýja skýrslu UNICE-Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda þar sem fjallað er um upplýsingatækni.

Hann sagði að niðurstaða skýrslunnar væri skýr. Evrópuþjóðir séu almennt eftirbátar Bandaríkjamanna í notkun og þróun upplýsingatækni en sumar þjóðir Evrópu standi þeim þó á sporði og hafi jafnvel náð lengra, einkum Norðurlandþjóðir og þar á meðal Íslendingar.

## AUKIN ÁHERSLA Á RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Hann hélt því fram m.a. að evrópsk fyrirtæki séu mjög framsækin og eigi í vaxandi samkeppni á heimsmarkaði. Ferli vöruþróunar hafi styst þannig að þeir, sem fyrstir komu nýjungum á framfæri, fái jafnan gott forskot. Erfiðara hafi samt reynst að spá um framhaldið og áhættan hafi aukist. Til að bregðast við þessu hafi fyrirtæki þurft að leggja meiri áherslu á rannsóknir og þróun. Per hélt því fram að fyrirtæki í Bandaríkjunum legðu tvisvar sinnum meira fjármagn á mann í rannsóknir en hin evrópsku. Á þessu þurfi að verða breyting.

## AUKIN FRAMLEIÐNI

Per Magnus sagði að upplýsingatækni (UT) væri að gerbreyta hagkerfinu. Hinn hái virðisauki í UT geiranum sé í vaxandi

mæli fólgin í að innleiða almennar tækniframfarir í hefðbundna starfsemi. Slíkt geri skipulagsbreytingar kleifar sem og nýjar viðskiptaaðferðir – að gera gamla hluti á nýjan hátt. Þetta leiði til aukinnar framleiðni fyrirtækja á komandi árum.

UT sé því að endurnýja hagkerfið, sem fyrir er, frekar en að skapa nýtt. Þetta birtist í því að neytendur hafi nú fleiri valkosti og aðfangakostnaður fyrirtækja hafi lækkað. Að auki sé stjórn á framboðskehjunn alltaf að batna. Allt leggist þetta á eitt að auka framleiðni.

## EVROPSKIR NETBANKAR LEIÐANDI

Hann varpaði fram spurningunni hvort upplýsingatæknin væri komin til Evrópu? Þar beri á nýjum fyrirtækjum sem séu að vinna upp forskot fyrirtækja í Bandaríkjunum án þess að nota meira fjármagn eða vinnuafl. Þrátt fyrir yfirburði bandarískra fyrirtækja á flestum sviðum UT séu evrópskir Netbankar orðnir leiðandi í heiminum.

Per Magnus sagði að sveigjanleiki á vinnumarkaði sé nauðsynlegur. Frumkvöðlar og fjárfestar þurfi einnig að vera reiðubúnir að taka áhættu og ríkisstjórnir þurfi að stuðla að nauðsynlegum breytingum. Hlutverk stjórnvalda sé einnig að skapa fyrirtækjum gott rekstrarumhverfi og gefa gott fordæmi með því að nota upp-



lýsingatæknina. Aukinn stöðugleiki og sveigjanleiki í þessum geira hjálpi til að skapa ný tækifæri til uppfinninga eða nýjunga og aðlögun að örum breytingum.

## MENNTUN MIKILVÆG

Hann minnti einnig á að menntun og þjálfun séu undirstöðuatriði í þessu sambandi. Það sé mikilvægt að hafa vilja og áráði til að breyta til. Það hafi margsýnt sig að þeir, sem búi yfir mestri aðlögunarhæfni, lifi af örur breytingar. Nauðsynlegt sé að hafa hæfa kennara til að koma þeim skilaboðum áleiðis.

## AÐLÖGUNARHÆFNI ÍSLENDINGA

Per Wijkman sagði að Íslendingar fái góða einkunn í skýrslunni. Þeir skipi efstu sæti í nokkrum flokkum, t.d. í útbreiðslu tölvueignar, útbreiðslu vefþjóna og sveigjanleika á vinnumarkaði. Íslendingar hafi sýnt mikla hæfni til að laga sig að örum breytingum og eigi skilið viðurkenningu fyrir það. Þegar á heildina er litið sé Ísland komið í fremstu röð í endurnýjun hagkerfisins.





**Í erindi sínu á Iðnþingi fjallaði Hörður Arnarson, forstjóri Marels hf., um samkeppnisstöðuna eins og hún horfir nú við útflutningsfyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Hann títundaði bæði það sem mjög hefur breyst til batnaðar og það sem hann telur að betur megi fara við núverandi aðstæður.**

#### MIKLAR BREYTINGAR

Hann gat þess í upphafi að umfjöllun hans eigi ekki sérstaklega við um Marels heldur iðnaðinn í heild sinni. Hann sagði m.a. að atvinnulífið hafi mikið breyst frá því að hann kom úr námi fyrir 10 árum en þá hafi menn talist heppnir að fá vinnu þar sem menntun þeirra nýttist en nú geti þeir oft valið um áhugaverð störf. Spurningin sé hvers konar þjóðfélag við viljum. Breytingin sé einkum fólgin í því að atvinnuframboð hafi aukist. Hér starfi sterk alþjóðleg fyrirtæki og fjölmargir vaxtarsprotar hafi skotið upp kollinum. Til þess að fyrirtækin megi dafna þurfi starfsfólk með menntun og frumkvæði, hlutabréfmarkað og aðgang að áhættufjármagni.

#### HVERT VILJUM VIÐ STEFNA?

Hörður sagði að ýmsar þjónustu- og tæknigreinar hafi verið meginþrákraftur hagvaxtarins undanfarin ár en ekki fiskveiðar og landbúnaður. Þetta sé tvímælaust jákvætt en sjávarútvegur verði áfram mikilvægasta iðngreinin á Ísland í framtíðinni. Þá varpaði hann fram spurningunni: Hvert viljum við stefna? Markmiðið sé að skapa varanlegan hagvöxt og um leið bætt lífskjör. Framtíðin snúist um vaxtarmöguleika sem felist einkum í útflutningi á

# Samkeppnisstaða Íslands

vörum og þjónustu því að heimamarkaðurinn sé mjög takmarkaður en erlend samkeppni fari mjög vaxandi. Fyrirtækin verði því að vera samkeppnisfær til þess að eiga möguleika í framtíðinni.

#### SAMKEPPNISFORSKOT ER ÞAÐ SEM ÞARF

Þá vék Hörður að alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja og telur þá þróun mjög jákvæða. Hún reyni mjög á samkeppnishæfni fyrirtækjanna en þar séu vaxtarmöguleikarnir fólgnir. Auka þurfi aðgang að auðlindum og minnka áhrif gengissveiflna. Samkeppnisforskot sé það sem til þurfi ef við ætlum að vaxa í alþjóðlegu umhverfi og það sé m.a. að finna í íslenskum auðlindum s.s. fiskiðnaði, orku og náttúrunni. Þá skipti hugvitið einnig miklu máli, menntun og fólk en ekki sist frumkvöðlar. Þegar samkeppnisforskoti sé náð sé aðalvandinn samt fólgin í að halda því og þá skipti markaðsstaða, einkaleyfi og fjárfestingar miklu máli.

#### VARANLEGUR HAGVÖXTUR

Samkeppnisforskotið sé þó ekki nóg því að almenn rekstrarskilyrði verði að vera í lagi. Ekki megi gleymast að meginmarkmiðið sé varanlegur hagvöxtur en ekki lítil verðbólga eða stöðugleiki. Hins vegar sé ljóst að hagvöxtur sé mun líklegri til að verða varanlegur ef þjóðin býr við stöðugleika og litla verðbólgu. Hörður sagði að ekki mætti þó skilja orð sín svo að ná megi niður verðbólgu með því að drepa niður vöxt í útflutningsgreinum. Samkeppnisstaðan sé hagsmunamál allra útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði en sveiflur gagnvart helstu markaðssvæðum og keppinautum svo sem af völdum kostnaðarhækkana og gengisskráningar hafi mikil áhrif. Útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki í samkeppnisiðnaði verði að mæta innlendum kostnaðarhækkunum með framleiðniaukningu. Fyrirtæki í vernduðum greinum/opinberir aðilar séu líklegri til að velta innlendum kostnaðarhækkunum beint út í verðlagið sem leiði til verðbólgu og gengislækkana.

#### ÍSLENSKA KRÓNAN, VAXTASTIGIÐ OG LAUNAHÆKKANIR VALDA ERFIDLEIKUM

Hörður sagði að á síðustu árum hafi

einkum þrjú atriði skert mjög samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja en þau séu raun- gengi íslensku krónunnar, vextir og miklar launahækkanir. Þá taldi hann mjög óeðlilegt að gengi krónunnar styrkist á sama tíma og kostnaðarhækkanir hafi verið mun meiri hér en í nágrannalöndunum mörg ár í röð. Þá hafi framleiðnin ekki aukist þannig að í raun hefði krónan átt að veikjast ef Seðlabankinn hefði ekki gripið inn í með miklar vaxtahækkanir. Vextir séu nú meira en tvöfaldir samanborið við evrusvæðið.

Staðan að mati Harðar er því í stuttu máli sú um þessar mundir að skortur á menntuðu vinnuafli er fyrirsjáanlegur, of miklum innlendum kostnaðarhækkunum er velt út í verðlagið og einkavæða þarf opinber fyrirtæki til að tryggja nauðsynlega hagræðingu. Þá sagði hann gengi íslensku krónunnar fyrri hluta árs 2000 hafa valdið íslenskum fyrirtækjum miklum erfiðleikum en síðari hluta ársins hafi þróunin verið mjög jákvæð. Vaxtastigið sé einsdæmi og geti ekki gengið til lendar en síðast en ekki sist hamli íslenska krónan mjög fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum.

#### STÖÐUG ALMENN REKSTRARSKILYRÐI

Hörður sagði að markmiðið væri að skapa varanlegan hagvöxt og um leið bætt lífskjör. Búa þurfi atvinnulífina stöðug almenn rekstrarskilyrði þannig að samkeppnisstaða útflutningsiðnaðar verði sambærileg því sem gerist best annars staðar. Samkeppnisforskot fyrirtækja þurfi að nýtast og sem mestur virðisauki að skapast á Íslandi. Skapa þurfi störf sem laða vel menntað vinnuafli til landsins og auðvelda útrás fyrirtækja. Mikilvægt sé að Samtök iðnaðarins komi á virkan hátt að þessari þróun þannig að hún verði að veruleika.

# Íslenska skattkerfið – alþjóðlegur samanburður og þarfar breytingar

Í erindi sínu á Iðnþingi gerði Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur Samtaka iðnaðarins grein fyrir nokkrum þáttum í íslenska skattkerfinu sem hafa áhrif á afkomu íslenskra fyrirtækja og reifaði mögulegar breytingar sem myndu bæta starfsskilyrði þeirra og samkeppnisstöðu á alþjóðlegum markaði. Í því samhengi beindi hann sjónum að tveimur mikilvægum atriðum varðandi íslenska skattkerfið – annars vegar aukinni skattbyrði og hins vegar hagkvæmara skattkerfi.

## AUKIN SKATTBYRÐI

Ljóst væri að heildarskattbyrði – eða skattatekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu – hefur aukist mikið á umliðnum áratug. Aukin skattbyrði á fjármagn hafi verið sérstaklega áberandi hin síðari ár, en sé nú tvöfalt meiri en við upphaf síðasta áratugar. Þorsteinn sagði þessa þróun óheppilega þar sem Ísland hafi lengi skort þjóðhagslegan sparnað þrátt fyrir hátt atvinnustig.

Þótt opinberar álögur á fyrirtæki hafi lækkað um miðbik áratugarins meðan taprekstur fyrri ára var afskrifaður, séu þær nú meiri en áður, aðallega vegna áhrifa fjármagnstekju- og eignarskatta. Þorsteinn taldi brýnt að sporna við þeirri þróun ef fyrirtækin okkar eigi að haldast samkeppnisfær, sérstaklega þegar há laun, háir vextir og óstöðugt gengi vegi að starfsskilyrðum þeirra en arðsemi þeirra minnki sýnilega á árinu sem leið og sé útlit ekki fyrir betri tíð í ár.

## HAGKVÆMARA SKATTKERFI

Þorsteinn taldi að í hönnun skattkerfisins hefði margt verið fært til betra horfs á síðasta áratug sem geri skattkerfið skilvirkara í að afla ríkinu tekna en það sé lykilhutverk þess. Hann taldi að lækkingu eða afnám ýmissa skatta muni bæta skilvirkni skattkerfisins enn frekar með því að hvetja til hagkvæmari ráðstöfunar vinnuafis og

fjármagns, sparnaðar heimilanna og fjárfestingar fyrirtækja. Slíkar breytingar stuðli að aukinni sjálfbærri efnahagsþróun. Með það fyrir augum þurfi frekari hönnun skattkerfisins að miðast við að skattkerfið sé 1) einfalt í uppsetningu og fram-kvæmd, 2) hóflegt í alþjóðlegum samanburði, 3) hlutlaust innan skattstofna, 4) með alla hagkvæma skattstofna í notkun, og 5) stöðugt í tiltekinn tíma.

## MARKMIÐIÐ ER VARANLEGUR STÖÐUGLEIKI

Þorsteinn minnti einnig á mikilvægt hlutverk ríkisútgjalda í opinberum búskap. Í því samhengi hafi fjármálastjórn hins opinbera hafi þrjú meginmarkmið að leiðarljósi 1) hagkvæmni í ráðstöfun þeirra verðmæta sem aflað er í sameiginlegan sjóð, 2) hagkvæmni í rekstri hins opinbera og 3) áhrif ríkisbúskaps á þjóðhagslegan stöðugleika. Þrátt fyrir miklar úrbætur í rekstri hins opinbera, megi og þurfi að gera enn betur, sérstaklega hvað varðar síðasta markmiðið – að viðhalda þjóðhagslegum stöðugleika. Í því samhengi taldi hann þörf á meira aðhaldi í ríkisútgjöldum á komandi árum til að skapa svigrúm fyrir lækkingu skatta á fjármagn. Slíkt auki starfsemi fyrirtækja og atvinnu í landinu og þar af leiðandi skattatekjur ríkisins.

## BRÝNT AÐ AFNEMA EIGNARSKATT

Þrátt fyrir einsleitun fjármagnstekjuskatt, skorti enn mikið á að hlutleysis sé gætt í skattlagningu fjármagns, sérstaklega hvað varðar eignarskatt og tekjuskatt fyrirtækja. Þorsteinn sagði að ýmis ríki séu með áform um að lækka tekjuskatta á fyrirtæki. Írland fari þar fremst í



flokki og stefnir að 12,5 prósent skatti á tekjur fyrirtækja árið 2003. Íslendingar ættu að huga að því að lækka þessa skatta í 15 prósent sem er nálægt 10% fjármagnstekjuskattinum. Hann taldi að brýnasta úrbótin sé hins vegar afnám eignarskatts, sem sé hærri hér en í þeim fáu löndum sem byggju við þann skatt. Hann geri upp á milli ólíkra eigna og geti magnað áhættu í fyrirtækjarekstri þ.s. hann hvetji til aukinnar skuldsetningar þeirra.

Þorsteinn minnti á núverandi aðgerðir Bandaríkjamanna til að lækka skatta vegna viðvarandi afgangar á ríkissjóði. Þau rök, sem búi þar að baki, eigi fyllilega við á Íslandi í dag.

Þorsteinn ályktaði að til að blása nýju lífi í íslensk fyrirtæki þurfi eftirfarandi breytingar á skattkerfinu: 1) afnám eignarskatta, 2) lækkingu tekjuskatta fyrirtækja, 3) afnám stimpilgjalda, 4) hóflegt auðlindagjald á fiskveiðar og 5) afnám vörugjalda á vörur sem hafa ekki úthrif.



# Nemakeppni Kornax í brauðbakstri

Nemakeppni Kornax í brauðbakstri var haldin í mars í samstarfi við Hótel- og matvælasjóla í Kópavogi, Landsamband bakameistara og Klúbb bakameistara. Þetta er í fjórða sinn sem keppnin er haldin. Hún felst í því að þátttakendur baka brauð, bæði stór og smá, nokkrar tegundir af vinarbrauðum og skrautstykki úr deigi samkvæmt sérstökum reglum. Gefnar eru einkunnir fyrir vinnubrögð, nýtingu hráefna, útlit og bragð afurðanna og hvernig keppendur standast tímamörk.

Tíu bakaranemar tóku þátt í keppninni að þessu sinni og kepptu fimm þeirra til úrslita. Þeir voru Arnar Oddfríðarson frá Myllunni, Bjarni Bjarnason frá bakaríinu

Hjá Jóa Fel, Geir Jón Geirsson frá Brauðbergi, Sigurður E. Baldvinsson frá Kökubankanum og Daníel K. Ármannsson frá Mosfellsbakaríu. Fyrstu verðlaun hlaut Daníel K. Ármannsson frá Mosfellsbakaríu. Lokaatriði keppinnar var sunnudaginn 18. mars en þá var afrakstur úrslitakeppinnar sýndur almenningi í Kringlunni. Keppendur voru á staðnum, sýndu verk sín og leyfðu vegfarendum að bragða á lostæti frá bakaríum sínum og vakti það mikla hrifningu. Frammistaða nemanna gefur ótvírætt til kynna að þeir



Sigurvegari keppinnar, Daníel K. Ármannsson, við borð sitt að keppni lokinni



Kringlugestir kunnu vel að meta góðgætið hjá bakarínum

muni halda merki íslenskra bakara á lofti í framtíðinni.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## MATVÆLAIÐNAÐUR

# Ný stjórn starfsgreinahóps í matvælaíðnaði

Starfsgreinahópur SI í matvælaíðnaði hefur ákveðið að taka upp reglubundnara starf en verið hefur nú um nokkurt skeið. Skipuð hefur verið óformleg stjórn hópsins sem hittist mánaðarlega og ræðir ýmis hagsmunamál matvælaíðnaðarins.

Í stjórninni eru: Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári, Valdimar Hafsteinsson, Kjörís, Eyjólfur Sigurðsson, Kornaxi, Jón Ögmundsson, Lýsi, Einar Matthíasson,

Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Jakobína Sigurðardóttir, Mónu, Kristinn Gylfi Jónsson, Síld og fiski, Guðmundur Sigurðsson, Vogabæ og Haraldur Friðriksson, Ömmubakstri. Öðrum sem áhuga hafa á að bæta stílnum þennan hópur verður tekið fagnandi.

Helstu verkefni hópsins eru að komast að því hver eru helstu sameiginlegu vandamál eða hagsmunamál sem matvælafyrirtækin standa frammi fyrir og ræða hvernig Samtök iðnaðarins geta komið að þeim málum. Hópurinn hefur hist einu sinni frá

því að hann var stofnaður. Þar var m.a. rætt um markaðsmál, útflutning, kostnaðarhækkningar og skattlagningu af ýmsu tagi. Á fundinum var ákveðið að Samtökin stæðu fyrir „Matartíma“, matvælakynningu fyrir veitingagreinina, síðari hluta maí-mánaðar.

Eftir sem áður verður boðað til almennra funda með matvælahópnum um tiltekin málefni eftir því sem tilefni gefast til.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Tillögur starfshóps

# Ábyrgð á vinnustaðakennslu verði jöfnuð

Sérstakur starfshópur hefur skilað greinargerð til stjórnar SI um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar menntamálaráðherra og framkvæmdastjórum aðildarsamtaka Samtaka atvinnulífsins.

Miklum fjármunum er varið til vinnustaðakennslu. Íslensk fyrirtæki greiða til hennar háar fjárhæðir, bæði beint og óbeint. Á grundvelli könnunar, sem liggur að baki greinargerðinni, má t.d. ætla að árlegur launakostnaður leiðbeinenda vegna kennslu iðnnema í fyrirtækjum sé um 264 millj. kr. á ári. (Ekki er tekið tillit til launatengdra gjalda leiðbeinenda, ójafns vinnuframlags nema eða rýrnunar á efni og tækjum. Launakostnaður nema er ekki hluti af þessari fjárhæð.) Það veldur vissum vanda að kostnaður af þjálfun nema leggst misjafnt á fyrirtækin og skekkir samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis. Hingað til hefur verið óljóst hver skuli bera þennan kostnað: Einstök fyrirtæki, atvinnulífið sam-eiginlega eða stjórnvöld.

### VANDINN

Í stuttu máli er vandinn þessi: Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðakennslu en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnistöðuna og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Í framhaldi er spurt: Er æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?

Iðnsveinar starfa ekki eingöngu hjá þeim fyrirtækjum sem kosta námið heldur nýtist þekking þeirra og þjálfun þess utan hjá öðrum fyrirtækjum í atvinnulífinu. Útgjöld fyrirtækja vegna vinnustaðakennslu deilast þ.a.l. ójafnt á fyrirtæki og starfsgreinar og því er nauðsynlegt að jafna þau. Ábyrgð á vinnustaðanámum er alls atvinnulífsins en ekki einstakra atvinnugreina.

Í greinargerðinni bendir starfshópurur um fyrirkomulag vinnustaðakennslu á að nýtt fyrirkomulag á fjármögnun vinnustaðanáms sé forsenda fyrir því:

- að auka megi kröfur til fyrirtækja um að sinna betur vinnustaðakennslu
- að unnt sé að sinna betur þjálfun leiðbeinenda



- að þróa megi eftirlit með vinnustaðakennslu samkvæmt námskrá.

### KÖNNUNIN

Könnun meðal 49 fyrirtækja í iðnaði og veitingaþjónustu (þar sem 28 fyrirtæki svöruðu) staðfestir vilja til að jafna fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Jafnframt kemur fram í könnuninni áhersla á að stjórnvöld beri fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðanámum með sama hætti og þau bera ábyrgð á skólanámum. Í framhaldsskólalögunum kemur fram að vinnustaðanám er hluti iðnnáms.

### TILLAGA AÐ LAUSN

Starfshópurinn telur rétt að atvinnurekendur leiti samninga við stjórnvöld um að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu eða -þjálfun þar eð þau bera ábyrgð á henni með sama hætti og þau bera ábyrgð á annarri framhaldsskólakennslu.

Ábyrgð á vinnustaðakennslu, hvort sem er hugmyndaleg eða fjárhagsleg, er ekki fyrirtækjanna einna. Hér er um að ræða nám, ekki síður mikilvægt en skólanám, sem framhaldsskólalögin kveða á um að sé hluti af iðn- og verknámi. Stjórnvöld standa undir ábyrgð á fjárhagslegum rekstri á skólaþætti iðnnáms. Á sama hátt ber þeim skylda til að taka þátt í kostnaði af vinnustaðakennslu.

Starfshópurinn ræddi hvernig jafna mætti fjárhagslega ábyrgð stjórnvalda og fyrirtækja á vinnustaðakennslu. Fjórar

leiðir koma til greina við fyrirkomulag greiðslu til fyrirtækja vegna vinnustaðakennslu. Hugsanlega má leita lausna í fleiri en einni leið. Starfshópurinn telur fyrstu leiðina þá raunhæfustu.

**Útgjöld vegna vinnustaðakennslu séu á fjárlögum.** Starfshópurinn telur að stjórnvöld beri ábyrgð á vinnustaðaðþjálfun með sama hætti og þau bera ábyrgð á annarri framhaldsskólakennslu.

**Starfsþjálfunargjald tekið af tryggingagjaldi.** Atvinnurekendur óski eftir því við stjórnvöld að sett verði lög sem heimila að tilteknum hluta tryggingagjalds verði ráðstafað til að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðakennslu samkvæmt nánari reglum sem settar verði.

**Starfsþjálfunarsjóður („Nemasjóður“).** Atvinnurekendur beiti sér fyrir því að stofnaður verði sérstakur starfsþjálfunarsjóður sem eigi stöð í nýjum lögum þar að lútandi. Til hliðsjónar verði hafðar reglur danska sjóðsins Arbejdsgivernes elevrefusion (AER). Atvinnurekendur semji við stjórnvöld um að greiða tiltekið hlutfall af útgjöldum sjóðsins.

**Skattaávilnanir.** Fyrirtæki, sem taka nema í vinnustaðaðþjálfun, geti sótt um skattaávilnun sem nemur launakostnaði iðnnema í heild eða að tilteknu hlutfalli.

Greinargerðina er hægt að nálgast á vefsetri Samtaka iðnaðarins, **si.is** eða panta hana í síma 511 5555.

Ingi Bogi Bogason

# Aðalfundur LABAKS

Landssamband bakameistara hélt aðalfund sinn 10. mars sl. Í upphafi fundarins hélt Ólafur Kjartansson, verkfræðingur hjá SI, erindi sem hann nefndi: „Hvernig má draga úr raforkukostnaði fyrirtækja.“ Þar útskýrði hann skipulag orkumála á Íslandi og hvernig mismunandi taxtar veitufyrirtækja eru byggðir upp. Hann sýndi hvernig orkunotkunin dreifist yfir daginn og skiptist milli fastrar og sveiflukenndarar notkunar og kom með ábendingar um það hvernig hugsanlega má spara orkuna. Þeir, sem ekki komust á fundinn en hafa áhuga á að fræðast meira um erindi Ólafs, geta haft samband við Ragnheiði Héðinsdóttur í síma 511 5555 og fengið glærurnar sendar.



Engar breytingar urðu á stjórn LABAK á þessum aðalfundi. Guðni Andreassen var endurkjörinn formaður með lófataki. Aðrir í stjórn eru Hjálmar Jónsson, Hörður Kristjánsson, Jóhannes Felixson og Reynir Carl Þorleifsson. Starfsemi félagsins á komandi starfsári verður með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Að fundi loknum bauð Kornax bókurum og mökum þeirra til móttöku í húsa-kynnum sínum að Korngörðum 11. Starfsmönnum Kornax eru færðar bestu þakkir fyrir viðtökurnar.

*Ragnheiður Héðinsdóttir*

# Aðalfundur Málms

Málmur - samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði hélt nýlega aðalfund sinn. Í skýrslu um starfið frá síðasta aðalfundi kom fram að bjartsýni gæti í greininni enda þótt verkefnastaðan hafi víða verið lakari en allra síðustu ár.

Framleiðendur véla og tækja hafa mótað framtíðarsýn sína. Þeir hafa einnig skilgreint verkefni, sem vinna

þarf að til þess að ná settu marki, þ.e. er að vera í forystu í þróun og framleiðslu tækni fyrir sjávar-útveg og matrvælavinnslu á alþjóðavettvangi.

Enda þótt verkefni í mannvirkjagerð hafi verið af skornum skammti í mannvirkjagerð undanfarið horfa menn í málm-iðnaðinum björtum augum til framtíðarinnar þegar og ef framkvæmdir hefjast við væntanlegar stóriðjuframkvæmdir.

Skipaiðnaðurinn hefur einnig mátt þola verkefnaskort á sama tíma og verkefni eru flutt til fjarlæggra landa í ríkum mæli. Hins vegar hafa þeir fáu, sem beint hafa viðskiptum sínum til íslenskra skipasmiðja, látið mjög vel af skipum sínum og lýst furðu á að menn skuli fara með smíðina til fjarlæggra landa sem lítið er vitað um hvort standast kröfur um afhendingu og gæði. Reynslan hefur staðfest að þar fer margt að fara úrskaiðis og ekki annað sýnna en að verstu hrakspár muni rætast. Við þetta bætist svo sú einkennilega barátta sem staðið hefur um að halda allmiklu verkefni í viðgerð tveggja varðskipa í landinu. Sú saga er til marks um dæmalausa þjónkun við erlenda keppinauta og mikla löngun

embættismanna til þess að flytja verkefni úr landi enda þótt sýnt hafi verið fram á að ódýrara sé að vinna þau innanlands.

Mikið starf hefur verið unnið síðustu ár við að endurbæta framkvæmd og innihald iðnnáms í málm-iðnaðargreinum. Á fundinum var gerð grein fyrir því fjölþætta

starfi og hvaða vonir eru bundnar við að greinin sjálf komi meira að framkvæmd námsins. Sérstök áhersla er

um þessar mundir lögð á endurskipulagningu vinnustaðanámsins og er það gert í góðri samvinnu við menntamálaráðuneytið. Þá er á lokastigi samningsgerð við ráðuneytið um að greinin - eða sjálfseignastofnun á hennar vegum - muni taki að sér rekstur kjarnaskóla sem fær fá heitið Málm- og véltækniskóli Íslands.

Á aðalfundinum flutti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afar fróðlegt erindi um samkeppnisstöðu Íslands og velti fyrir sér hverju aðild að ESB myndi breyta fyrir grein eins og málm-iðnaðinn.

Í stjórn Málms eru nú: Theódór Blöndal formaður en aðrir í stjórn eru: Bjarni Sigurðsson, Brynjar Haraldsson, Hallgrímur Hallarímsson, Jón Dan Jóhannsson, Magnús Aadnegard, Ólafur Friðriksson, Þorgeir Jósefsson, og Þorvaldur Hallgrímsson.

*Ingólfur Sverrisson*



# Framleiðendur hús- gagna og innréttinga iðnir í gæðamálum

**Nokkrir helstu og stærstu innréttinga- og húsgagnaframleiðendur landsins hafa verið iðnir við að byggja upp markvissa gæðastjórnun innan fyrirtækja sinna á undanförunum misserum.**

Fyrirtækin, Axis, Á. Guðmundsson, Beyki, Brúnás innréttingar og Húsgögn & innréttingar taka öll þátt í átaksverkefni SI um innleiðingu markvissrar gæðastjórnunar í fyrirtæki í ýmsum greinum iðnaðar. Verkefnið byggist á að fyrirtækin grandskoða rekstur sinn lið fyrir lið, finna og skilgreina besta verklag hverju sinni og fylgja því síðan eftir með kynningum og þjálfun starfsmanna. Samhliða því taka stjórnendur og almennir starfsmenn þátt í

kynningum og námskeiðum sem er ætlað að auka gæðavitund og hæfni þeirra. Markmið verkefnisins er að auka gæði vöru og þjónustu, bæta samkeppnishæfni og auka hag bæði fyrirtækja og starfsmanna. Verkefnið gengur samkvæmt áætlun og má ætla að stutt sé í úttektir og viðurkenningar á fyrstu áföngum í heilsteypu gæðakerfi þessara fyrirtækja. Meðfylgjandi mynd sýnir áhugasama starfsmenn og stjórnendur á námskeiði um markvissst umbótastarf. Á myndina vantar fulltrúa frá Brúnás en þeirra hluti námskeiðsins fór fram á Egilsstöðum.

*Ferdinand Hansen*



## Ný samtök atvinnulífsins í Svíþjóð

Hinn 29. mars síðastliðinn voru stofnuð ný samtök atvinnulífsins í Svíþjóð undir nafninu Svenskt Näringsliv með samruna Sænska vinnuveitendasambandsins og Samtaka sænskra iðnrekenda.

Hlutverk hinna nýju samtaka felst m.a. í því að vera málsvari fyrirtækja innan sinna vébanda og hafa áhrif á efnahagsstefnu, skattastefnu, Evrópusambandið, vinnu- markaðinn, efnahagslífið, rannsóknir og menntamál. Markmiðið er að Samtök atvinnulífsins (Svenskt Näringsliv) verði sameiginlegur vettvangur allra einkarek- inna fyrirtækja í Svíþjóð.

Göran Tunhammar, fyrsti formaður hinna nýju samtaka, lét þess getið að nú væru tímarnir breyttir frá því sem áður var því að hluthafar í sænskum fyrirtækjum væru nú orðnir fleiri en starfsmennirnir vegna dreifðrar eignaraðildar og verð- bréfasjóða. Átökin milli fjármagnsins og vinnuafslsins, sem voru áberandi á liðinni öld, heyrðu nú nánast sögunni til því að nú orðið mætti vart greina þar á milli.



*F.v.: Helgi Steinar Karlsson, formaður Múrarafélags Reykjavíkur, Jakob Einarsson, Marteinn Reynisson, Þráinn Óskarsson, Sveinn Fr. Bjarnason, Björn Guðjónsson og Friðrik Andrésson, formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur*



*F.v.: Formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur afhendir Árna Pálssyni sveinsbréf sitt*

## Afhending sveinsbréfa í múrsmíði

Múrarameistarafélag Reykjavíkur bauð sveinum og gestum til sérstakrar samkomu vegna afhendingar sveinsbréfa í múrsmíði 12. janúar sl. Formaður Múrarameistara- félagsins, Friðrik Andrésson, ávarpaði gesti og afhenti nýsveinum sveinsbréf sín. Sjó luku sveinsprófi í múrsmíði að þessu sinni, þar af einn frá Akureyri.

# Íslenskir dagar hitta í mark!



Eins og flestum félagsmönnum á matvælasviði er kunnugt stóðu forsvarsmenn Fjarðarkaupa fyrir íslenskum dögum í verslun sinni dagana 8. til 17. mars sl. Skemmst er frá því að segja að átakið tókst afbragðsvel og hafa þeir óskað eftir sambærilegu átaki með SI og íslenskum framleiðendum að ári.



Forsvarsmenn Sparverslana við Bæjarlind og Smiðjuveg í Kópavogi ákváðu að fylgja fordæmi FK og efna til íslenskra daga í verslunum sínum dagana 29. mars til 8. apríl.

Gera má ráð fyrir að fleiri matvöruverslanir taki upp íslenska daga á komandi vikum, í samvinnu við framleiðendur og SI. Tímasetningar eru óákveðnar en svo virðist sem íslenskir dagar muni dreifast út árið - á þá tíma sem henta hverjum og einum hvað best. Við hvetjum félagsmenn að hafa samband við „sínar verslanir“ og beina athygli þeirra að íslenskum dögum. SI eru reiðubúin að styðja slík átaksverkefni með itarefni og auglýsingum.

## Matartíminn framundan

Fyrirhugað er að opna Matartímann 2001 - markaðstorg framleiðenda matvæla og efnavöru fyrir hótélkeðjur, veitinga- og gistihús, mótuneyti, ferðapjónustuna, matvöruverslanir og fagfólk á matvælasviði, er áætlað um miðjan maí nk. Nánari

upplýsingar verða sendar félagsmönnum innan skamms.

## Umbúðasamkeppnin

Aðeins níu mánuðir eru til stefnu fyrir framleiðendur, hönnuði og notendur umbúða á Íslandi að gera klárt til þátttöku í

## World of Concrete í Las Vegas: Í einu orði sagt - Stórt!

Hópur félagsmanna SI lagði leið sína fyrir skemmstu til Las Vegas á World of Concrete, stærstu byggingavörusýningu sinnar tegundar í Bandaríkjunum. Þar kynntu fyrirtæki fjölmargar nýjungar í tækni, hönnun, efnum og verkfærum, auk hvers kyns véla og tækja til mannvirkjagerðar.

Eitt verkefna undirritaðs var að komast í kynni við fyrirtæki, sem hefðu áhuga á að koma til Íslands, með það fyrir augum að hitta íslensk byggingarfyrirtæki, verktaka, hönnuði og framleiðendur og taka þátt í fagsýningu á Íslandi vorið 2003. Er ljóst að áhugi er fyrir hendi og verður því fylgt eftir á komandi mánuðum.



Umbúðasamkeppni SI árið 2002. Undirbúningur er hafinn.

## Íslenskt merki á vörum erlendis

Fyrirspurn hefur borist SI frá sendiráði Íslands í Frakklandi „um seljanda þar“ sem vill merkja íslenskar vörur með merki-miða líkt og þeim sem SI létu gera fyrir íslensku dagana nú nýverið. Um yrði að ræða miða sem límdur yrði á umbúðirnar. Málið er á byrjunarstigi en þetta er hugmynd sem framleiðendur innan SI ættu e.t.v. að taka sig saman um, þ.e. samræmt „íslenskt merki“ á útflutningsvörur sínar.

## Landnám í Leifsstöð

Íslensk framleiðsla og kynning teygir sig víða – nú síðast inn í nýju viðbygginguna við Leifsstöð. Verslanir eru skreyttar með „íslensku itarefni“ frá SI og frekara landnám er í augnsýn á komandi vikum.

*Brynjar Ragnarsson*